

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	5.11.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Hrónn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina, önnur varðandi geymslusvæði fyrir úrgang innan lóðar og hin þar sem að endurskoða þarf áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun vegna fráviks sem kom upp í síðasta eftirliti varðandi framleiðsluúrgang, þ.m.t. spilliefni, sem voru geymd á lóðum að Hrauni 7-9. Umhverfisstofnun óskar eftir að stofnunin verði upplýst um það ef þeytilausn fellur til áður en viðunandi geymslu hefur verið komið fyrir fyrir hana. Gert er ráð fyrir að varanleg lausn, þ. e. færanlegur geymslugámur fyrir lausnina með lekavörnum verði komin í gagnið fyrir 1.september 2016.

Einnig óskar stofnunin eftir aðgengi að rauntímamælingum umhverfisvöktunar á vef Vista.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á skoðunarferð þar sem farið var yfir úrbætur vegna fráviks sem kom upp í síðasta eftirliti. Farið var í niður að vatnshreinsvirki en þar er búið að vinna niður þær birgðir af þeytilausn sem safnast höfðu upp hjá verksmiðjunni. Þá var farið niður að lóðum að Hrauni 7-9 og litið á aðstæður þar. Umsjónarmaður lóðanna var með í för og greindi frá fyrirætlunum þeirra varðandi þær. Stefnt er á að hafa þar móttökustöð fyrir brotajárn (straumgafla frá álverinu). Auk þess er stefnt að því að girða fyrir lóðirnar til að greina betur á milli lóðamarkanna. Alcoa hefur yfirfarið verklag til að koma í veg fyrir að starfsmenn þeirra skilji eftir framleiðsluúrgang og annað efni á lóðunum. Enn eru nokkrir gámar á lóðunum í eigu Alcoa Fjarðaráls. Alcoa ber ábyrgð á lóðinni, að umgengni hennar og geymsla efna sé viðunandi.

Að lokinni skoðunarferð var fundað og farið yfir gögn.

Fyrst var rætt um skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi. Rekstur mengunarvarnabúnaðar hefur gengið vel undanfarið og ekki komið til meiriháttar bilana. Lækka þurfti afsog þann 16. október sl. í um hálfra klukkustund vegna truflunar í búnaði. Afsog frá kerskálum var aukið síðastliðið vor þannig að hreinsivirki eru nú í fullum afköstum. Kerlokum hefur nýlega verið skipt út í skála A og stefnt að því að skipta þeim út í skála B fyrir næstkomandi vor. Bætt verður við búnaði til að mæla loftflæði í hvorum skála fyrir sig. Hávaðamælingar voru síðast gerðar 2012. Sjónarás sér um utanumhald á flokkun og skráningar á úrgangi fyrir rekstraraðila. Mánaðarlega sendir fyrirtækið skýrslu um magn úrgangs. Aukning hefur orðið á kerbrotaúrgangi þetta árið þar sem að endurnýjun kerja var meiri en undanfarin ár. Lífænn úrgangur er urðaður í Þernunesi.

Þá var rætt um áætlanir og uppfærslu gagna.

Núverandi áætlun vegna rekstrarstöðvunar sbr. grein 1.6 í starfsleyfi er frá 2008. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda hefur verið samræmd við öryggisskýrslu og neyðaráætlanir vegna stórslysavarna (SEVESO). Öryggisskýrslan verður endurskoðuð á árinu. Minnt var á að yfirfara þurfi að viðbragðsáætluninni uppfylli skilyrði reglugerðar 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Farið var yfir ársfjórðungsskýrslur. Ársfjórðungsskýrsla fyrir 3. ársfjórðung 2015 var tilbúin þegar eftirlitið fór fram. Losun var innan losunarmarka á árinu en í júlí mældist ryk í ræstilofti kerskála töluvert hærra en í mánuðunum á undan og á eftir. Heildarlosun ryks þann mánuðinn mældist 1 kg ryk/tonn ál en starfsleyfismörkin eru 1,3 kg ryk/tonn ál. Ástæða hækkunarinnar er ekki ljós að svo stöddu.

Farið var yfir niðurstöður flúorvöktunar í grasi og heyi sem liggja fyrir nú í ár. Styrkur flúors í grasi og heyi mældist lægri nú í ár en undanfarin ár. Í núverandi vöktunaráætlun er fjallað um að vöktun flúors verði endurskoðuð þegar niðurstöður ársins 2015 liggja fyrir. Rætt var um að vöktun á flúor í umhverfinu yrði haldið áfram í megindráttum með sama hætti og nú er gert. Óskað er eftir að rekstraraðili sendi tillögu að nýrri vöktunaráætlun þegar niðurstöður í ár liggja fyrir.

Nánar var rætt um úrbætur vegna fráviks sem kom upp í síðasta eftirliti. Búið er að vinna niður þær birgðir

af þeytilausn sem höfðu safnast upp á lóðum að Hrauni 7-9. Af og til þarf að skipta um þeytilausn í víravél í steypuskála. Unnið er að því að koma fyrir tvöföldum gámi fyrir þeytilausnina við vatnshreinsivirki þar sem að hún er endurunnin. Gert er ráð fyrir að tvöfaldi gámurinn verði kominn í notkun fyrir 1. september 2016. Gera má ráð fyrir að það taki um 2 vikur að vinna niður birgðir af þeytilausn í hvert sinn sem hún fellur til. Undanfarin ár hefur þurft að skipta um þeytilausn á u.þ.b. 3-4 mánaða fresti en nú í ár hefur einungis einu sinni þurft að skipta um þeytilausn. Viðbúið er að þeytilausn muni falla til áður en gámurinn verður tekinn í notkun. Komi til þess er mikilvægt að fylgst verði vel með að enginn efnaleki verði í jörðu frá geymslu þeytilausnarinnar sjá nánari umfjöllun í athugasemd.

Rætt var um aðstæður við gámvöll á lóð Alcoa Fjarðaáls. Samkvæmt grein 2.18 er rekstraraðila heimilt að geyma framleiðsluúrgang á sérstöku geymslusvæði án frárennslis. Spilliefni eru geymd í lokuðum tvöföldum gámum. Önnur efni eru flokkuð og geymd á ósteyptu plani.

Þá var minnt á öryggisblöð og merkingar hættulegra efna. Vinnuhópur fyrir móðurfélagið innan Evrópu heldur utanum REACH skráningar. Nýlega er búið að yfirfara öryggisblöð í verksmiðjunni og óska eftir íslenskun og staðfæringu á öryggisblöðum frá birgjum.

ATHUGASEMDIR

Endurskoða þarf áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Athugasemd er gerð við að núverandi geymslusvæði fyrir almennan úrgang er á malarplani þar sem að frárennslí rennur óhindrað út í jarðveg.

ANNAD

Ef kemur til þess að þeytilausn fellur til áður en viðunandi geymslugámur er kominn í gagnið óskar stofnunin eftir tilkynningu þar um. Mikilvægt er að verklag sé vandað og fylgst sé vel með að efnaleki í jarðvegi eigi sér ekki stað. Ef óhapp kemur upp er mikilvægt að brugðist sé hratt við.

Stofnunin óskar eftir aðgangi að rauntímagögnum umhverfisvöktunar sem haldið er utanum á vefsvæði Vista.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2016


Halla Einarsdóttir